

Nd.

## 585. Frumvarp til laga

[138. mál]

um eftirlit með rekstri ríkisins og ríkisstofnana.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

### 1. gr.

Í fjármálaráðuneytinu skal stofna sérstaka deild, er nefnist: Eftirlit með opinberum rekstri. Hlutverk þessarar deildar er:

1. Að hafa eftirlit með rekstri ríkisstofnana og starfsmanna ríkisins, starfsaðferðum, starfsmannahaldi, vinnuafköstum og vinnuskilyrðum þessara aðila;
2. að leiðbeina ríkisstofnunum og ríkisstarfsmönnum um starfstilhögun og mannahald;
3. að gera tillögur til hlutaðeigandi ráðherra um bætta starfstilhögun og breytt skipulag og sparnað, sem við verður komið, þar á meðal um niðurlagningu eða sameiningu stofnana eða starfa.

### 2. gr.

Fjármálaráðherra setur mann til forstöðu deildarinnar, og nefnist hann ráðsmáður ríkisins. Hann hefur sömu laun og ráðherrar. Eftir að hann hefur verið reyndur í starfinu árlangt, getur forseti Íslands skipað hann í stöðuna, enda séu allir ráðherrar sammála um að leggja til, að svo verði gert.

### 3. gr.

Skrifstofustjórar stjórnarráðsins, ríkisbókari, aðalendurskoðandi og forstöðumenn ríkisstofnana, sem heyra beint undir ráðherra, skulu vera ráðsmanni ríkisins til ráðuneytis og getur hann kvatt þá, einn eða fleiri, til sameiginlegra fundarhalda um tiltekin málefni.

### 4. gr.

Ríkisstofnunum og einstökum starfsmönnum ríkisins er skylt að veita stofnun þessari hverjar þær upplýsingar, sem hún þarfnað vegna starfs síns, og þeim ber cinnig að leita samvinnu við deildina um hvað eina, sem varðar skrifstofuhald, svo og fjölgun og fækjun starfsliðs og hverjar aðrar endurbætur í rekstrinum, er til greina koma.

### 5. gr.

Engin ríkisstofnun né starfsmaður ríkisins má ráða starfsfólk til starfa við skrifstofuvinnu, iðnað, iðju, afgreiðslustörf eða önnur skyld verk án þess að hafa áður fengið samþykki ráðsmanns til ráðningaráðinna. Hins vegar fer um veitingu starfa eftir þeim reglum, sem gilt hafa til þessa. Nú ræður forstöðumaður fólk til starfa án samþykkis ráðsmanns, og er sú ráðning þá ógild. Ef ágreiningur verður um starfssvið ráðsmanns samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, sker ráðherra úr.

### 6. gr.

Nýja stofnun má ekki setja á fót nema með lögum. Nú er ný stofnun eða embætti sett á fót, og skal þá ráðsmáður ríkisins ákveða mannahald og starfstilhögun að öðru leyti í stofnuninni í samráði við fyrirvarsman stofnunarinnar.

### 7. gr.

Skýrslur þær og aðrar upplýsingar, sem um ræðir í 4. gr., skulu afhentar ráðsmanni fyrir þann tíma, er hann ákveður, og getur ráðherra ákveðið, að hlutaðeigandi forstöðumenn sæti dagsektum, ef misbrestur verður á um afhendingu umbeðinna upplýsinga.

### 8. gr.

Fjármálaráðherra getur, að fengnum tillögum ráðsmanns, með reglugerð, er-indisbréfi eða öðrum fyrirmæluni, kveðið nánar á um starfssvið og önnur atriði, sem um ræðir í lögum þessum.

### 9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1949.